



Blönduósi, 20.1.2023

**Matvælaráðuneytið**  
**Jón Þrándur Stefánsson, sérfræðingur**  
**á skrifstofu sjávarútvegs**

**Efni:** Húnabyggð – byggðakvóti – sérstök skilyrði

**Tilvísun í mál:** MAR22090163/05.04.03

**Með vísan til 3.gr. reglugerðar nr 995/2021, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2021/2022, þá eru meðfylgjandi tillögur Húnabyggðar um sérreglur:**

**a)** Ákvæði 1. másl. 1.mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem kemur í hlut byggðalags, auk þess aflamarks byggðalagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal *skipta 75% úthlutaðs byggðakvóta jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar, og 25% skal skipt í hlutfalli við hlutdeild í Húnaflóaráæktju miðað við hlutdeild skipanna 1. sept., 2021.*

**b)** Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2022 til 31. ágúst 2023 í Blönduós- eða Skagastrandarhöfn.

**c)** Ákvæði b-liðar 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Eru skráð með pósthfang og lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi.

**d)** Ákvæði 1. másl. c-liðar 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með skráð pósthfang og lögheimili í sveitarfélaginu.

**e)** Veitt verði undaþága frá löndun til vinnslu sem fram kemur í ákvæði 1. mgr. 6. gr. reglug., en fiskiskipum verði eftir sem áður skylt að landa í byggðalaginu, samkv. ákvæði b) hér að ofan. Forsenda þess að sveitarstjórn fer fram á að vinnsluskyldu verði aflétt eru þær að ekki er rekin fiskvinnsla á þessum stöðum, Húnabyggð/Skagaströnd, þrátt fyrir umleitanir og viðræður þar um.

**Rökstuðningur,** vegna sérstakra skilyrða og breytinga á 1. gr., 4. gr., og 6. gr., reglugerðar.

- Sveitarstjórn Húnabyggðar mótmælir því harðlega að ekki séu veittar auknar veiðheimildir til sveitarfélagsins. Atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu og á Norðurlandi vestra standa höllum fæti og þessi landshluti á undir högg að sækja. Við fögnum hækkun á byggðakvóta til nágrannasveitarfélaganna en það skýtur skökku við að ekki sé brugðist við á sama hátt hér í Húnabyggð eins og gert er í nágrannasveitarfélögum

## Úthlutun byggðarkvóta til Húnabyggðar



Húnabyggi vestra sem fékk tæplega 90% hækkun (úr 70 í 130 tonn) og Skagaströnd sem fékk riflega 10% hækkun (úr 154 í 170 tonn). Þetta er í alla staði óásættanlegt sérstaklega í ljósi þess hversu lítill byggðarkvótinn er í sveitarfélaginu eða 15 tonn. Byggðarkvótinn er reyndar svo lítill að af því er skömm og dugir þetta ekki til að sjá einum sjómanni fyrir atvinnu og því vandséð hvernig þessi úthlutun styrkir atvinnulíf í sveitarfélaginu. Húnabyggð skorar á Matvælaráðuneytið að leiðrétta þennan mismun milli sveitarfélaganna samstundis.

- Þar sem hafnaraðstöður eru betri á Skagaströnd, og styttra á miðin, þá hafa útgerðir með lögheimili í Húnabyggð, gert út og landað afla sínum á Skagaströnd, en ekki hefur verið raunveruleg fiskvinnsla í þessum byggðalögum um nokkurra ára skeið.
- Húnabyggð og sveitarfélagið Skagaströnd eru nú talin vera eitt atvinnusóknarsvæði sem eru í umtalsverðu samstarfi, m.a. á sviði atvinnumála og ýmiskonar þjónustu.

Þannig samþykkt á 14. fundi sveitarstjórnar Húnabyggðar, undir 4.5 lið á dagskrá, þriðjudaginn 10. janúar 2023, en allar ábendingar um útfærslur í auglýsingu eru vel þegnar.

Virðingarfyllst,  
f.h. Húnabyggðar

Pétur Arason,  
Sveitarstjóri